

BRA

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUBUNNS

“Lentir þú í árekstri”

Láttu okkur þá laga bílinn.

Frí Tjónaskoðun.



FIMM STJÖRNU GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Auðbrekku 27. Kópavogi

554 2510

www.bilasprautun.is



Laxaolía

Styður við heilbrigða húð og feld

KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

26. tbl. 30. árg. Fimmtudagur 19. september 2024. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi
FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ ÞITT! VEFSÍÐA: WWW.KGP.IS

KOMINNTÍMIA
SKOÐUN?

Verið velkomin með bílinn í skoðun á Dalveg 22

Lyfjaval
HEILSA & HANINGJA

Bílaapótek Lyfjaval
Hæðasmára

FASTEIGNASALAN
TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR

Darri Örn
lögilltur fasteignasali
Sími 767-0000

Bæjarlind 14-16
www.errea.is

MEKÓ

MENNING
Í KÓPAVOGI

Gatnaframkvæmdir hafnar í Vatnsendahvarfi



Ásdís tekur fyrstu skóflustunguna að götunni Hæðarhvarfi, en hún naut aðstoðar Árna Geirs Eypórssonar, framkvæmdastjóra Jarðvals

Framkvæmdir við jarðvinnu og lagnir í Vatnsendahvarfi eru hafnar. Til að halda upp á áfangann tók bæjarstjóri Kópavogs Ásdís Kristjánsdóttir fyrstu skóflustungu að götunni Hæðarhvarfi. Árni Geir Eypórsson, framkvæmdastjóri Jarðvals sem sér um jarðvegsvinnu í Vatnsendahvarfi, var Ásdísi innan handar við skóflustunguna sem tekið var með beltisgröfu.

Mikil eftirvænting eftir nýju hverfi
„Það er virkilega gaman að sjá að hér eru framkvæmdir komnar á fulla ferð, það ríkir mikil eftirvænting í Kópavogi eftir að fá nýtt hverfi í bæinn. Vatnsendahvarfið er vel staðsett á afar fallegum útsýnisstað,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs. (Sjá framhald á blaðsíðu 4).

12kr.

AFSLÁTTUR
MEÐ ORKULYKLI

Afsláttur gildir ekki á völdum stöðvum þar sem lægsta verð Orkunnar er í gildi. Kyntu þér staðsetningarnar á Orkan.is
Þar gildir okkar lægsta verð, alltaf.

orkan.is

HAFID
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta mátt -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

Nettó Engihjalla

Opið alla daga 8-24



nettó

30%
AFSLÁTTUR
MEÐ VILDARKORTI
LINDAR

VILDARKORT
LIND
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flugger: 30% afsláttur af allri innimálningu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Leiksvæði við Eskihvamm endurgert



Endurbótum er lokið á leiksvæði þar sem Eskihvammur og Reynihvammur mætast og hefur svæðið verið tekið algjörlega í gegn.

Framkvæmdum lauk í byrjun sumars 2024. Leiktæki fyrir börn á öllum aldri, bekkir og flokkunartunna er meðal þess sem er að finna á leiksvæðinu eftir endurgerð. Bætt hefur verið aðgengi með

breikkun stíga og fjarlægingu á þrepum. Nýtt undirlag var lagt undir bæði leiktæki og stíga en þetta er fyrsti leikvöllurinn í Kópavogi sem notar undirlag úr korki. Þá hefur gróður verið tekinn í gegn, ónýtir runnar fjarlægðir og nýjum plantað.

Verkið er liður í aðgerðaáætlun um endurnýjun leiksvæða í Kópavogi sem samþykkt var í bæjarstjórn fyrir rúmum 2 árum.



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálfán
898 5765



Ólöf
898 3075

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Lyfta þarf sérstöðu Salarins sem tónleikahúss

Mörg sóknarfæri í Salnum

Starfsemi Salarins er best komin í höndum Kópavogsbæjar, þar sem tónlistarmenningarlegt hlutverk hans er samofið öðru menningarstarfi bæjarins ásamt tónlistarkennslu og barnastarfi. Lyfta þarf sérstöðu Salarins sem tónleikahúss, skapa samkeppnisforskot á tónleikamarkaði og endurhugsa starfsemi með ný sóknarfæri í huga án þess að raska því mikilvæga hlutverki sem Salurinn sinnir.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu um málefni Salarins sem kynnt var í síðustu viku. Skýrslan var unnin af starfshópi sem í sátu Védís Hervör Árnadóttir, tónlistarkona, sem var formaður hópsins, Halldór Friðrik Þorsteinsson, heimspekingur og Davíð Þór Jónsson, tónlistamaður. Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála í Kópavogi var starfsmaður hópsins.

Mikilvægt stöðumat

„Skýrsla starfshópsins um málefni Salarins er einstök samantekt og mikilvægt stöðumat á starfsemi og rekstri Salarins sem brýn þörf var að ráðast í. Salurinn er einstakt tónleikahús sem er brýnt að hlúa vel að og leyfa að þróast og eflast,” segir Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs.

Mörg sóknarfæri eru í Salnum að því er fram kemur í úttektinni og má þar nefna nýtingu á forsalmum og tónleikasalmum til



Á myndinni eru frá vinstri: Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála, Védís Hervör Árnadóttir, tónlistarkona og formaður starfshópsins, Davíð Þór Jónsson, tónlistarmaður, Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri og Axel Ingi Axelsson forstöðumaður Salarins.

ráðstefnu og fundarhalda, endurmörkun, straumlínulögun bóknarferla og kaup á nýjum konsertflygli er meðal þess sem nefnt er í úttektinni.

Salurinn staðið þétt með listamönnum í gegnum tíðina og mun gera það áfram

„Menningarhúsið á borð við Salinn hefur staðið þétt með listamönnum í gegnum tíðina og mun gera það áfram. Skýrslan varpar ljósi á mikilvægi Salarins og er mjög gott veganesti fyrir næstu ár. Starfs- eminn heldur áfram að þróast og sem dæmi um það eru margar nýjar tónleikaraðir sem hefja göngu sína í vetur,”

segir Axel Ingi Árnason nýráðinn forstöðumaður Salarins.

Eftirtektarverður árangur

Talsverðar skipulagsbreytingar hafa átt sér stað innan menningarmálflokksins í Kópavogi frá því á síðasta ári. Sumar hafa nú þegar litið dagsins ljós með eftirtektarverðum árangri eins og ný Náttúrufræðistofa og barnaeild bókasafnsins þar sem aðsókn hefur fimmfaldast frá opnun í maí síðastliðnum. Skýrsla starfshópsins um málefni Salarins er liður í heildarúttekt á menningarmálum Kópavogsbæjar. Hana má finna á heimasíðu Kópavogsbæjar.

Ásdís hefur óskað eftir fundi með Svandísi

Íbúar á Kársnesi orðnir langþreyttir á hávaða frá Reykjavíkflugvelli

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri í Kópavogi hefur óskað eftir fundi með Svandísi Svavarsdóttir Innviðaráðherra, en tilefni fundarinn er hávaða mengun vegna flugumferðar á Kársnesi sem íbúar og starfsmenn á Kársnesi hafa kvartað yfir í nokkurn tíma.

Hávaðamengun frá Reykjavíkflugvelli

Í bréfi sem Ásdís hefur sent Svandísi kemur m.a. fram að margir hafi komið að máli við hana og aðra starfsmenn bæjarins vegna hávaðamengunar frá Reykjavíkflugvelli. „Á síðustu misserum hafa allmargir íbúar komið að máli við mig og aðra starfsmenn Kópavogsbæjar varðandi aukna flugumferð og þá hávaðamengun sem hennir fylgir. Það eru sérstaklega íbúar á Kársnesi sem búa undir eða við aðflugsleiðir sem eru orðnir langþreyttir á hávaða frá Reykjavíkflugvelli,” segir í bréfinu.

Þar segir einnig að samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 724/2008 séu mörk vegna hávaða frá flugumferð við húsvegg íbúðarhúsnæðis, dvalarrýma og skóla á svæðum í nágrenni þegar starfandi flugvalla 65 db. Frá 4. ágúst 2023 til 4. október 2023 mældi Kópavogsbær umhverfishávaða við Borgarholtsbraut 71, sem er aðflugsliða norður/suður brautar Reykjavíkflugvallanna, og voru niðurstöður þær að jafngildishávaði sé á bilinu 57db til 65 db. Augnablikshávaði mældis þó mun hærrí eða allt að 92 db, en algengast var að augnablikshávaði mældist á bilinu 85 til 90 db nokkrum sinnum í dag.

Skýr krafa að eiga samtali við ríki og sveitarfélög

„Ég sat fund með fulltúum félagasamtakanna Hljóðmörk nýverið þar sem fram kom skýr krafa þeirra um að eiga samtali við ríki og sveitarfélög varðandi flugvöllinn og eftirlitsaðila hans. Það er ósk mín



Ásdís Kristjánsdóttir

að við getum unnið náið saman að lausn þessa máls og vil ég að því tilefni óska eftir fundi með þér um næstu skref,” segir Ásdís að lokum í bréfi sínum til Svandísar.



KOMINN TÍMI Á MALBIKSVIÐGERÐIR OG MÁLUN BÍLASTÆÐA?

WWW.VERKTAKUR.IS | 5514000 | 6908000





OKKAR KÓPAVOGUR

Við viljum heyra þína hugmynd!

Við erum að safna tillögum frá íbúum að betri Kópavogsbæ og viljum heyra frá þér.

Gefðu ímyndunaraflinu lausan tauminn, haltu hugmyndafund með þínum nánustu og endilega leyfðu börnunum að vera með. Segðu okkur síðan frá öllu mögulegu og ómögulegu sem ykkur dettur í hug.



Engin hugmynd er of skráttin!
Sendu okkur þínar hugmyndir
frá 12. september til 9. október.



SENDU OKKUR HUGMYND

okkarkopavogur.is



KÓPAVOGS - P Ó S T U R I N N -

Útgefandi: Kópavogspósturinn ehf.

Netfang: valdimar@kp.is Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson,
Sími: 697 4020. Vefsíða: www.kgp.is Umbrot: Kópavogspósturinn ehf.
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Kópavogspósturinn kemur næst út 26. september

Síðasti skiladagur er föstudaginn 20. september

valdimar@kp.is - Sími 697 4020

Vefsíða Kópavogspóstisins, www.kgp.is

Kópavogspósturinn er á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésón
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn
Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfjörði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

FASTEIGNASALAN TORG

KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Er með kaupendur að:

- Lóð í grennd við höfuðborgarsvæðið.
 - Sumarbústað í Grimsnesinu.
 - 2-3 herb íbúð í Hafnarfirði.
 - Hæð með bílskúr í Hafnarfirði.
 - 2-4 herb íbúð í Garðabæ.
 - 3-4 herb íbúð í Kópavogi.
 - Einbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu.
- þarf að vera með bílskúr.
Öfi öfi.

FRÍTT VERÐMAT.

SVAVAR FRÍÐRIKSSON
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
SVAVAR@FSTORG.IS



HRINGDU NÚNA 623-1717



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19

Garðabær

harpa@harpautfor.is

harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Framhald af forsiðu Gatnaframkvæmdir hafnir í Vatnsendahvarfi

Framkvæmdir fyrir 1,1 milljarð

Um er að ræða 1,1 milljarða framkvæmd sem felur í sér lagnir og jarðvinnu undir gatnagerð í Vatnsendahvarfi, nýju hverfi á Vatnsendahæð í Kópavogi. Uppbygging húsa og mannvirkja getur hafist þegar gatna- og lagnagerð er lokið en verkið er unnið í áföngum í samræmi við lóðaúthlutanir Kópavogsbæjar. Fyrsta úthlutun var í júní og var þá um að ræða fjölbýlishúsaloðir. Í næstu úthlutun verður einnig úthlutað lóðum fyrir raðhús, parhús og einbýli. Að jarðvinnu lokinni verður lokafrágangur gatna, svo sem malbikun, gangstéttir og opin svæði boðin út.

Auk fulltrúa Kópavogsbæjar voru viðstaddir skóflustunguna fulltrúar frá Ljósleiðaranum en Ljósleiðarinn, Veitur og Míla eru verkkaupar að 15% verksins en hlutur Kópavogsbæjar eru 85%.



Á myndinni eru frá vinstri Bjarki Már Gunnarsson Kópavogsbæ, Atli Már Þorgrímsson og Lea Steinþórsdóttir Ljósleiðaranum, Sigurður Bjarki Rúnarsson eftirlitsmaður verksins, Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri og Árni Geir Eypórsson, Jarðvali.

Bætt þjónusta við efri byggðir Kópavogs

Þessa dagana stendur yfir vinna við að setja upp bókaþóttu í Vallakór til að bæta þjónustu bókasafnsins við efri byggðir Kópavogs. Getu þá korthafar pantað sér bók, fengið senda í Vallakór og sótt hana líkt og um póstsendingu sé að ræða. Einnig verður hægt að skila bókum í boxið. Þetta er spennandi verkefni og mun vonandi skila sér í fleiri útlánum og meiri lestri.



Jóladagatal

Bókasafnið ætlar að standa fyrir jóladagatali í desember og birta á hverjum degi til jóla hluta af ævintýri sem Eygló Jónsdóttir mun skrifa í samstarfi við börn í Kópavogi.

Bókasafnið óskar því eftir hugmyndum frá börnum sem hægt er að skila inn bæði raf-rænt eða kíkja við á safninu og fá blað til að skrifa á.

Þau börn sem eiga hugmyndir sem notaðar eru í söguna fá nafn sitt birt.

Hægt er að fá frekari upplýsingar og senda inn tillögu á: <https://bokasafn.kopavogur.is/joladagatal/>



Ráðstefna um læsi og lestrarhvatningu

Hluti af starfsfólki Bókasafns Kópavogs fór til Helsinki á ráðstefnu Nordic Libraries Together til að sækja vinnustofur og fræðslu á dögnum.

Þessa ráðstefnunnar í ár var læsi og lestrarhvatning og gafst starfsfólki tækifæri til að hitta kollega sína og fá frá þeim hugmyndir og innblástur. Fjöldi góðra hugmynda fæddist í þessari ferð og það var verðmætt að læra af öðrum um það sem gengur vel.




[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)
[Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)



Toyota
Kauptúni

FYRIR HEMILINN Í LANDINU

ÓKEYPIS ÁSTANDSSKOÐUN Á BREMSUBÚNAÐI
TIL 30. SEPTEMBER HJÁ TOYOTA KAAPTÚNI



Toyota-eigendur fá ástandsskoðun á bremsubúnaði án endurgjalds til 30. september og afslátt af vinnu, bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum til ísetningar á staðnum.

20% afsláttur af bremsuklossum, bremsuborðum, bremsudælum, bremsuskálum og bremsudiskum*

*gildir bara samhlíða ísetningu hjá Toyota í Kauptúni

10% afsláttur af vinnu.

Engin vandamál – bara lausnir

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
570 5070

Mikið um að vera í íþróttavíku í Kópavogi

Markmið íþróttavíkkunnar er að kynna íþróttir og hreyfingu fyrir almenningi og er hún ætluð öllum

Fjöldmargir viðburðir eru á dagskrá í Kópavogi í íþróttavíku Evrópu sem hefst í næstu viku.

Fjölbreyttir viðburðir í boði

„Okkur langaði til að hafa mjög fjölbreytta viðburði sem endurspeglar vel hvað er gott framboð af íþróttum og hreyfingu í Kópavogi,“ segja Eva Katrín Friðgeirsdóttir og Fríða Karen Gunnarsdóttir sem halda utan um dagskrá Kópavogsbæjar í íþróttavíkkunni.

Þátttakendur geta sér að kostnaðarlausu tekið þátt í tímum í styrk og líðleika, farið í yoga eða hlustað á fyrirlestur svo fátt eitt sé nefnt.

Markmið íþróttavíkkunnar er að kynna íþróttir og hreyfingu fyrir almenningi og er hún ætluð öllum, óháð bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Slagorð vikunnar er #beactive sem vísar til þess að nauðsynlegt er að hreyfa sig oft og meira í daglega lífinu.

Bent er á að nauðsynlegt er að skrá sig á viðburði og er það gert í gegnum sport-ables, en slóð og nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Kópavogs, en þar er einnig að finna lýsingu á hverjum og einum viðburði.



Fríða Karen Gunnarsdóttir og Eva Katrín Friðgeirsdóttir ásamt Ásdís Kristjánsdóttur bæjarstjóra en myndin er tekin við upphaf götugöngunnar í maí í 2024.

Limrur á servíettum, fjölsótt útgáfuhóf



Útgáfuhófið í Pennanum var fjölsótt

Í tilefni af útgáfu bókarinnar, *Limrur á servíettum*, eftir Þorstein Valdimarsson, var nýverið haldið útgáfuhófi í Pennanum Eymundsson í Austurstræti, en Þorsteinn, skáld og höfundur *limranna*, bjó lengst af í Kópavogi.

Samkoman var fjölsótt með fjölbreyttri dagskrá. Þorsteinn Gunnarsson, einn af ritstjórum verksins kynnti bókina og Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, fjallaði um skáldið og limrugerð. Anna Margrét Ólafsdóttir, skólastjóri Barnaskóla Hjallastefnunnar á Víflisstöðum og Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir, doktorsnemi við HÍ, lásu upp limrur eftir skáldið.

Dagskránni lauk svo með því að Guðný Alma Haraldsdóttir, frá Vopnafirði söng ljóð og lög eftir Þorstein við undirleik Péturs



Anna Margrét Ólafsdóttir, skólastjóri Barnaskóla Hjallastefnunnar las limrur eftir Þorstein Valdimarsson

Nóa Stefánsdóttir en þau eru bæði í tónlistarnámi við Listaháskóla Íslands.



Ritstjórar verksins og frændur! F.v. Þorsteinn Gunnarsson, Trausti Þorsteinsson og Unnar Erlingsson



Guðný Alma Haraldsdóttir söng lög með ljóðum eftir skáldið



Anna Þ. Ingólfssdóttir, flutti erindi um skáldið og limrugerð

Gluggar Gerðar Helgadóttur í Kópavogskirkju

Bæjarbúar er velkomnir á erindi um steinda glugga Gerðar Helgadóttur með sr. Sigurði Arnarsyni sóknarpresti og Cecilie Gaihede sýningarstjóra sýningarinnar Hamskipti, sunnudaginn 22. september kl. 12 í Kópavogskirkju.

Ákveðið var að fá Gerði Helgadóttur til að hanna gluggana vorið 1962 og tókst, með þrautseigju Gerðar og góðum stuðningi bæjaryfirvalda og íbúa í Kópavogi, að koma þeim í bygginguna fyrir vígsluna þá um ve-



turinn. Gluggana vann Gerður í samstarfi við víðfræga gluggasmíðju Oidman-bræðra í Býskalandi.

Grindvíkingar æfa í Kópavogi

Meistaraflokkar Grindavíkur í körfubolta karla og kvenna fá æfingaaðstöðu í íþróttahúsi Kársnesskóla í vetur. Ásdís Kristjánsdóttir og Fannar Jónasson bæjarstjóri Grindavíkur undirrituðu samning um efnið í síðustu viku að viðstöddum fulltrúum Breiðablik og Ungmennafélags Grindavíkur, UMFG.

Verið er að endurnýja gólfefni í íþróttahúsinu og lýkur þeim framkvæmdum í lok september. Húsið mun í kjölfarið nýttast fyrir körfuknattleiksdeild Breiðablik, Grindavíkur og nemendur Kársnesskóla. Körfuknattleiksdeild Grindavíkur hefur haft æfingaaðstöðu í Kópavogi frá síðasta vetri og spilað meistaraflokksleiki bæði karla og kvenna í Smáranum í samstarfi við Breiðablik.

Góður andi hefur fylgt Grindvíkurliðinu og stuðningsfólki þess „það hefur verið einstök ánægja að geta liðsinn Grindvíkingum á krefjandi tímum og góður andi sem hefur fylgt liðinu og stuðningsfólki þess. Grindvíkingar eru alltaf velkomnir í Kópavog,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri.



Á myndinni eru frá vinstri: Tanja Tómasdóttir framkvæmdastjóri Breiðablik, Ásgeir Baldurs, formaður stjórnar Breiðablik, Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs, Þorleifur Ólafsson framkvæmdastjóri UMFG, Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkur, Klara Bjarnadóttir formaður UMFG.

Erum þakklát Kópavogsbæ og Breiðablik

„Við hjá Ungmennafélagi Grindavíkur erum einstaklega þakklát Kópavogsbæ og Breiðablik að búið sé að skrifa undir samstarfssamning. En báðir þessir aðilar

eiga miklar þakkir skildar fyrir hlýjar og góðar móttökur frá því ósköpin skulu á nóvember á síðasta ári og það er þeim að þakka að Grindvíkingar gátu sameinast á ný, í gleði og sorg á nýjum heimavelli,“ segir Klara Bjarnadóttir, formaður UMFG.



22. NÓVEMBER - 1. DESEMBER

KARÍBAHAFIÐ PUNTA CANA

Draumafríið í beinu flugi, 5 stjörnu gistingar og allt innifalið. Hitastig um 26° allt árið um kring. Er eitthvað betra?

5 STÖRNUR ALLT INNIFALIÐ BEINT FLUG

VERÐ FRÁ **299.900 KR.***

*M.v. 2 fulloröna og 2 börn, gistingu m. beinu flugi, íslenski fararstjórn og öllu inniföldu.



08:30	→	13:00	→	11:00	→	23:05
Keflavík		Punta Cana		Punta Cana		Keflavík

Kópavogsbær tekur þátt í Íþróttaviku Evrópu

Verum virk

EUROPEAN WEEK OF SPORT

#BEACTIVE

23.–30. september

Íþróttavika Evrópu (European Week of Sport) er haldin víðsvegar um álfuna í september ár hvert. Markmið íþróttavikunnar er að kynna íþróttir og hreyfingu fyrir almenningi í Evrópu og er hún ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sérstök áhersla er lögð á að höfða til grasrótarinnar og að hvetja Evrópubúa til að sameinast undir slagorðinu #BeActive til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi.

Allir viðburðir eru þátttakendum að kostnaðarlausu en **naðsynlegt að skrá sig svo hægt sé að áætla fjölda**. Dagskrá og nánari upplýsingar má finna á kopavogur.is



Skráning hér á Abler

Mánudagur 23. september
Mudo Gym

Mobility tími fyrir fullorðna. Farið er yfir undirstöðuatriði liðleika og styrktaræfingar fyrir fólk sem vill bæta líðan og hreyfigetu í daglegu lífi.

Tímasetning: 20:00
Staðsetning: Víkurhvarf 1

Þriðjudagur 24. september
GoMove Hóppjálfun

Fjölbreytt styrktar- og úthaldspjálfun fyrir konur í æfingastöð GoMove á Kársnesinu.

Tvær tímasetningar: 12:00 og 16:30
Staðsetning: Hafnarbraut 9A

Miðvikudagur 25. september
Fræðslufyrirlestur í Molanum miðstöð unga fólksins.

Fræðslufyrirlesturinn ber heitið Þín hleðsla og fer Einar Örn sjúkraþjálfari yfir áhrif langvarandi álags á taugakerfið og hvernig hægt er að vinna að forvörnum þegar kemur að álagsstjórnun.

Tímasetning: 20:00
Staðsetning: Molinn, Hábraut 2

Fimmtudagur 26. september
GoMove Yin Yoga og Yoga Nidra

Fyrir þau sem vilja draga úr streitu, stuðla að endurheimt og hlaða batteríin.

Tímasetning: 20:00
Staðsetning: Hafnarbraut 9A

Föstudagur 27. september
Mudo Gym fyrir börn 3–5 ára (með foreldrum)

Æfingar sem styrkja skilning á aðstæðum og líkamsvitund en kennt í gegnum skemmtilega leiki.

Tímasetning: 17:00
Staðsetning: Víkurhvarf 1

Föstudagur 27. september

Opinn tími í tennis og pickleball með kennslu.

Tvær tímasetningar: 18:30 og 19:30
Staðsetning: Tennishöllin, Dalsmári 13

Laugardagur 28. september
GoMove – dansstyrkur

60 mín. blanda af styrktaræfingum úr jazzballet, barre, pilates og yoga í takt við tónlist.

Tímasetning: 12:00
Staðsetning: Hafnarbraut 9A

Laugardagur 28. september
Fjölskyldu-Zumba

Zumba-tími fyrir alla fjölskylduna.

Tímasetning: 13:30
Staðsetning: Gullsmári 13
(félagsmiðstöð eldri borgara)



Kópavogsbær

kopavogur.is

Haukalind 20, Kópavogsbarð 20 og Vogatunga 6 fengu viðurkenningu frá umhverfis- og samgöngunefnd

Á dögnum var Gnitahiði valin gata ársins í Kópavogi fyrir árið 2024 og í síðustu viku voru síðan veittar viðurkenningar fyrir endurgerð húsnæðis og umhirðu húss og lóðar. Það voru Bergur Þorri Benjamínsson, formaður umhverfis- og samgöngunefndar, Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri og Kristín Sævarsdóttir í umhverfis- og samgöngunefnd sem afhentu viðurkenningarnar í Gerðarsafni.

Kópavogsbær hefur veitt umhverfisviðurkenningar fyrir garða og lóðir bæjarins frá 1964. Frá 1995 hefur það verið í höndum umhverfis- og samgöngunefndar að veita árlegar viðurkenningar til einstaklinga, félagsamtaka eða fyrirtækja sem þykja hafa skarað fram út í hönnun, frágangi eða viðhaldi umhverfis og húsa. Síðustu ár hefur verið áhersla um að veita þeim viðurkenningu sem vinna markvisst að því að betrubæta umhverfi sitt og annarra. Umhverfis- og samgöngunefnd veitti þrjár viðurkenningar í tveimur flokkum að þessu sinni. Viðurkenningarhafar ársins voru taldir skara öðrum tillögum fram af þeim sem bárust.

Bæjarstjórn Kópavogsbæjar hefur valið götu ársins árlega frá 1995. Að þessu sinni hlaut Gnitahiði nafnbótina sem gata ársins eins og áður segir, en hún er þritugasta gatan til að hljóta viðurkenninguna. Verðlaunahafar voru sóttir heim í tilefni dagsins og þá var gróðursettur Skrautreyrnir í Gnitahiði. Orri Hlökkversson formaður bæjarráðs gróðursetti tréið með aðstoð ungra Kópavogsbúa.

Eigendur **Haukalindar 20** fékk viðurkenningu í flokknum umhirða húss og lóðar til fyrirmyndar. **Eigendur:** Ástrún Viðarsdóttir og Óttar Hreinsson. Arkitekt: Þórarinn Þórarinnsson.

Eigendur **Kópavogsbarð 20** fékk einnig viðurkenningu fyrir umhirðu húss og lóðar til fyrirmyndar. **Eigendur:** Katrín S. Guðjónsdóttir og Vilhjálmur Árni Ásgeirsson. Arkitekt: Baldur Ó. Svavarsson og Jón Þór Þorvaldsson, Úti og Inni arkitektar.

Að lokum fengu eigendur **Vogatunga 6** viðurkenningu fyrir endurgerð húsnæðis. **Eigendur:** Guðmundur Bergkvist Jónsson og Ólína Björg Einarsdóttir.

Endurgerð húsnæðis - **Vogatunga 6**

Eigendur: Guðmundur Bergkvist Jónsson og Ólína Björg Einarsdóttir

Húsið að Vogatungu 6 er steinhús byggt á árunum 1960 – 1962 af Byggingarfélagi verkamanna. Guðmundur og Ólína festu kaup á húsinu 2012 af börnum upprunalegra eigenda. Húsið var þá í mjög slæmu ásigkomulagi eftir mörg ár af litlu viðhaldi og garðurinn kominn í mikla vanrækslu. Ásýnd lóðarinnar var þá orðið mikið lýti á umhverfið en húsið sást varla fyrir ofvöxnum trjám, gróðri og drasli sem skilið var eftir.

Það tók um 8 mánuði af þrotlausri vinnu að ná að flytja inn í húsið. Þakið og gluggar voru farnir að leka, rafmagn ónýtt og húsið varla íbúðarhæft. Það var því allt rífið út. Í dag er búið að múra og mála allt húsið, skipta um þak og glugga, frárrennsli og dren. Allt innan í húsinu hefur verið endurnýjað, ásamt rafmagni og lögnum. Mikið af verkinu var unnið af þeim Guðmundi og Ólínu sjálfum með hjálp vina og vandamanna en góðir iðnaðarmenn hafa komið inn í stöku verkefni. Þá hafa nágrannar lýst ánægju sinni yfir endurgerðinni enda hefur húsið bætt ásýnd götunnar í heild.

Daginn áður en þau Guðmundur og Ólína skrifuðu undir kaupsamninginn komust þau að því að von væri á tvíburum sem fæddust mánuði áður en þau náðu að flytja inn.

Lóðin sjálf hefur einnig fengið allsherjar yfirhalingu í stíl við húsið. Innkeyrslan var gerð upp og garðurinn var skipulagður út frá notagildi fjölskyldunnar. Sælureiturrinn er á pallinum sunnan megin við húsið þar sem má finna heitan pott en hugmyndin er um að setja einnig sána.

Við hönnun garðsins var lögð áhersla á að hann væri léttilega hirtur og auðveldlega haldið við. Nokkur tré fengu að halda sér og hafa verið snyrt sem gefur fallegan svip á annars nýlegan garð. Mörg blómanna hafa verið fengin úr öðrum gördum í Digraneshverfinu en hluti var keyptur í garðyrkjustöðvum. Þá er að finna rabarbara og graslauk en garðurinn er í stöðugri þróun og ætlunin er að bæta við fleiri plöntum smám saman.



Guðmundur Bergkvist eigandi Vogatungu 6 ásamt, Ásdísi, Berg Þorra og Kristínu Sævarsdóttur



Gata ársins - **Gnitahiði**

Eins og var greint frá í síðustu viku valdi bæjarstjórn Kópavogs Gnitahiði götu ársins 2024 og er gatan sú þritugasta til þess að hljóta nafnbótina. Íbúar í götunni komu saman af tvefnum og Orri Hlökkversson, formaður bæjarráðs í Kópavogi ávarpaði íbúa og afhjúpaði viðurkenningarskilti sem sett hefur verið upp í götunni. Þá var gróðursettur Skrautreyrnir en venjan er sú að gróðursett er tré í götu ársins. Gnitahiði sem liggur niður af Digraneshliði er í Digraneshlíð, hverfi sem var skipulagt á níunda áratug síðustu aldar. Hverfið hefur þá sérstöðu að vera í miklu brattlendi og er afar víðsýnt til suðurs. Áður en uppbygging þess hófst var nokkuð um stórgryti á landinu en holtagróður ríkjandi með fongulegum trjám og runnum af ýmsum tegundum. Eitt af markmiðum skipulags Digraneshlíðar var að varðveita gróður og fella byggðina að umhverfinu sem gerir götumynd Gnitahiði mjög skemmtilega.

Gnitahiði samanstendur af fjórum sérbylum og raðhúsi sem voru byggð rétt fyrir aldamót en Gnitahiði 4 til 6 bættist við árið 2016. Í botni Gnitahiðar er efsti hluti Himnastígans sem liggur niður í Kópavogsdal. Ef farið er út af stiganum til vesturs neðan við Gnitahiði 8-14 má finna falda gönguleið með margbreytilegum gróðri sem er sannkallaður ævintýrastaður. Gnitahiði einkennist af snyrtilegum og vel hirtum lóðum. Það er greinilegt að íbúar götunnar huga vel að umhverfi sínu og eru öðrum íbúum Kópavogs hvatning og fyrirmynd.



Umhirða húss og lóðar til fyrirmyndar - **Haukalind 20**

Eigendur: Ástrún Viðarsdóttir og Óttar Hreinsson

Arkitekt: Þórarinn Þórarinnsson

Haukalind 20 er endaraðhús í fallegri götu í Lindahverfi Kópavogs og stendur við fjölfarin göngustíg sem liggur niður að Hlíðardalsvegi. Húsið var byggt árið 1999 en Ástrún og Óttar keyptu húsið 2013. Við kaupin var eingöngu grasflötur og lítið limgerði aftan við húsið en í dag má sjá snyrtileg beð með fjölbreyttum gróðri, trjám og runnum. Ásamt breyttri ásýnd lóðarinnar umhverfis húsið hafa Ástrún og Óttar sett kraft í að endurnýja það að innan sem og skipt um útidyrhurðina og viðhaldið gluggunum.

Hönnun og framkvæmd lóðarinnar hefur verið í höndum þeirra Ástrúnar og Óttars, með aðstoð fjölskyldumeðlima. Innblástur var dreginn af samfélagsmiðlum og umhverfinu en áhersla var lögð á stílhreinan og viðráðanlegan garð sem hentaði fjölskyldunni. Umhverfis húsið er gráleitur pallur og girðing sem afmarkar garðinn fallega. Pallurinn að ofanverðu er mikið notaður en það er alls staðar gott að sitja þegar veður er gott. Þá er einnig að finna gróðurhús með borði og stólum sem er helst notað á vorin og haustin. Til

staðar eru tveir gróðurkassar þar sem hefur verið ræktað grænkál og salat en aðallega er annar gróðurkassinn fylltur með bleikum túlípönum sem gleðja fyrripart sumars á meðan sumarblómín eru að koma til.

Ástrún hefur yndi af trjám og runnum sem blómstra en á lóðinni má finna fjölbreyttan gróður, meðal annars kirsuberjareyni, súlureyni, skrautreyni, ilmkrórunu, súlublæspir, syrenu, úlfarunna, garðalúpínu, geitaskegg, lífvið, nokkrar tegundir af kvistum og fleira. Einnig eru þau að rækta jarðarber en stærstur hluti gróðursins kemur frá Garðplöntusölu Borg í Hveragerði.

Vestast á lóðinni er fallega hlaðið holta-grjót og stórt beð þar sem fjölskrúðugum gróðri hefur verið plantað sem vegfarendur fá að njóta góðs af. Garðurinn bætir umhverfi gangandi vegfarendum sem íbúum hússins.



Eigendur Haukalindar 20 eru Ástrún Viðarsdóttir og Óttar Hreinsson. Á myndinni er Ástrún ásamt Ásdísi, Berg Þorra og Kristínu



Umhirða húss og lóðar til fyrirmyndar - **Kópavogsbarð 20**

Eigendur: Katrín S. Guðjónsdóttir og Vilhjálmur Árni Ásgeirsson


Arkitekt: Baldur Ó. Svavarsson og Jón Þór Þorvaldsson, Úti og Inni arkitektar

Þau Katrín og Vilhjálmur fengu lóðina að Kópavogsbarð 20 afhenta 2006 og fluttu inn í nýbyggt húsið 2008. Um ræðir parhús á tveimur hæðum, innst í Kópavogsbarði í nýlegum hluta Kársnessins sem kallast Kópavogstún. Fyrstu árin lögðu þau Katrín og Vilhjálmur áherslu á að klára húsið að innan en lóðafrágangur hófst 3 árum síðar. Garðurinn var upphaflega þökulagður til að festa jarðveginn á meðan hönnun lóðarinnar var á frumstigi en grasið var mikið notað til útleikja.

Í garðinum sjálfum var lögð áhersla á sólpallana tvo til að nýta bæði sólinu að austanverðu og sunnanverðu. Á sólríkum dögum er ljúft að drekka morgunkaffið austan megin við húsið en almennt er pallurinn að sunnanverðu mest notaður til samveru og matargerðar. Settar voru upp girðingar bæði til að skerma garðinn af fyrir utanaðkomandi án þó þess að girðingarnar yrðu of yfirþyrmandi. Vegfarendur malarstígsins austan við húsið fá því að njóta góðs af fallegu umhverfi lóðarinnar.

Í garðinum er fjölbreyttur gróður sem hefur tinst til smám saman í árunna rás. Hluti gróðursins kemur frá Karli en annar gróður kemur frá garðyrkjustöðinni Flóru í Hveragerði. Farga átti kanadíska rauðviðnum sem stendur í dag framan við húsið. Hann var settur niður í tilraunaskyni en hefur dafnað vel og býður fólk velkommið í hlað. Annars fyllir margbreytilegur gróður beðin af lífi en Katrín ræktar einnig salat, jarðarber og kryddjurtir. Hugmyndir eru um að koma fyrir gróðurhúsi sem myndi auka möguleikann á meiri ræktun en einnig er verið að skoða að setja heitan pott.

Bróðir Katrínar, Karl Guðjónsson skráðgarðyrkjumeistari og landslagsarkitekt, var þeim hjónum innan handar við að skipuleggja lóðina en hluti gróðursins kemur úr einkarækt hans. Karl hannaði skemmtilegan hlaðinn stíg með fram austari hlið hússins sem tengir efri og neðri hluta lóðarinnar. Reynt var að lengja stígin til að hallinn yrði sem minnstur en hleðslurnar mynda falleg beð þar sem fjölbreyttur gróður fær að njóta sín. Grjótið kemur úr húsgrunni í Reykjavík og var að miklu leiti hlaðin af þeim Katrínu og Vilhjálmi.



Eigendur Kópavogsbarðs 20, Katrín S. Guðjónsdóttir og Vilhjálmur Árni Ásgeirsson ásamt Ásdísi, Berg Þorra og Kristínu



Landssöfnun Kiwanis fyrir Einstök börn á 50 ára afmæli K-dagsins

Kiwanisfélagar á Íslandi hafa reglulega frá árinu 1974 staðið fyrir landssöfnun með því að selja K-lykilinn. Frá upphafi hefur söfnunarfé runnið til samtaka og stofnana sem sinna geðverndarmálum.

Þegar farið var af stað með verkefnið fyrir 50 árum var staðan í þessum málum ekki góð og slagorðið "Gleymum ekki geðsjúkum" átti vel við. Á þeim tíma sem síðan er liðinn hefur margt breyst. Umræða um geðverndarmál er opnari og samtökum sem sinna þeim hefur vaxið fiskur um hrygg.

Einstök börn er stuðningsfélag barna og ungmenna með sjaldgæfa sjúkdóma eða sjaldgæf heilkenni

Á umdæmisþingi Kiwanisumdæmisins Ísland-Færeyjar síðastliðið haust var ákveðið að á 50 ára afmæli K-dagsins væri kominn tími til að huga að öðrum hópi og að Einstök börn yrðu styrkt í þetta sinn. Einstök börn er stuðningsfélag barna og ungmenna með sjaldgæfa sjúkdóma eða sjaldgæf heilkenni. Félagið hefur stækkað ört undanfarin ár og eru nú um 800 fjölskyldur í félaginu. Félagið gætir hagsmuna þessara barna og aðstoðar þau og fjölskyldur þeirra á ýmsan hátt.

Undirbúningsvinna hófst strax eftir að þessi ákvörðun var tekin og nú þegar er búið að afhenda Einstökum börnum styrki sem m.a. koma frá styrktarsjóði umdæmisins og styrktarsjóðum Kiwanisklúbba. Þessir styrkir hafa komið sér vel því þörfin er mikil.

K-lyklar til sölu frá 24. september til 8. október

K-lyklar verða til sölu í verslunum Krónunnar og á afgreiðslustöðum Olis frá 24. september til og með 8. október næstkomandi. Helgina 26. til 28. september verður sölufoðk á ferðinni á fjölförum stöðum. Að mestu leyti munu Kiwanisfélagar standa vaktina við sölustörf en í einhverjum tilfellum hefur verið samið við íþróttafélög og fleiri ungmennafélög þar sem ungt fólk tekur að sér að selja K-lykilinn. Í þeim tilfellum fær viðkomandi félagsskapur hluta söluandvirðisins í sinn hlut.



KFC og Góa aðalstyrktaraðilar

Söluandvirði þeirra merkja sem Kiwanisfélagar selja og eins þeirra merkja sem verslanir selja fer óskipt til Einstakra barna því allur kostnaður við verkefnið er greiddur af fyrirtækjum sem styrkja verkefnið. Aðalstyrktaraðilar verkefnisins eru KFC og Góa sem hafa kostað allt markaðsstarf.

Tökum vel á móti sölufoðki

Kiwanisfélagar vonast eftir að landsmenn taki vel á móti sölufoðki og aðstoði við þetta verkefni sem fellur einstaklega vel að meginmarkmiði Kiwanishreyfingarinnar sem er að hjálpa börnum.

Einnig er hægt að kaupa merki og/eða styrkja á vefsíðunni www.kiwanis.is

Með Kiwaniskveðju!

Styrkveiting til Kvænnaathvarfsins frá Zontaklúbbum Sunnu



Helga Ágústsdóttir formaður Zontaklúbbsins Sunnu ásamt golfnefnd klúbbsins afhendir Lindu Dröfn Gunnarsdóttur framkvæmdastjóra Kvænnaathvarfsins 600 þúsund krónur til styrktar nýbyggingu Kvænnaathvarfsins. Ljósmyndari: Guðný S. Tryggvadóttir

Zontaklúbburinn Sunna afhenti Lindu Dröfn Gunnarsdóttur framkvæmdastjóra Kvænnaathvarfsins 600 þúsund króna styrk til styrktar nýbyggingar Kvænnaathvarfsins á miðvikudagskvöldið, 11. september sl. á Mathúsinu í Garðabæ. Styrkurinn er allur ágóði af fjóröflunargölmóti klúbbsins sem haldið var 16. ágúst sl. í Öndverðarnesi. Fjölmeðgöngur fyrir tæki og einstaklingar lögðu fjóröfluninni lið.

Kvænnaathvarfið hefur í rúm 40 ár boðið uppá dvöl fyrir konur og börn þeirra, sem flýja þurfa heimili sín sökum ofbeldis

Framkvæmdir við nýja athvarfið fóru af stað í vor og ganga vel. Gert er ráð fyrir að nýtt athvarf verði tilbúið eftir 18 mánuði. Kvænnaathvarfið hefur í rúm 40 ár boðið uppá dvöl fyrir konur og börn þeirra, sem flýja þurfa heimili sín sökum ofbeldis. Konur dvelja í athvarfinu sér að kostnaðarlausu og þiggja þar frítt fæði, ráðgjöf og utunumhald. Í athvarfinu starfa ráðgjafar, sem fylgja konum vel eftir, húsmóðir, sem gæta þess að þar ríki falletur heimilisbragur og góður heimilismatur sé í boði alla daga, barnaráðgjafi, sem hugar að velliðan barna í húsi og veitir mæðrum ráðgjöf, og svo vaktkonur sem eru til taks allan sólarhringinn. Með aukinni ráðgjöf og ótakmörkuðum dvalartíma, hefur hlutfall þeirra kvænna sem snýr aftur í ofbeldissamband eftir dvöl, hriðfallið síðustu ár.

Zonta International eru alþjóðleg samtök kvænna. Eitt helsta markmið samtakanna er að bæta stöðu kvænna og auka réttindi þeirra á sviði menntunar og heilbrigðis. Markmið Zontaklúbbsins Sunnu er að styrkja tengsl á milli kvænna í ólíkum starfsstéttum, um leið og þær afla fjár til að styrkja baráttu fyrir

auknum réttindum, betri menntun, bættri heilsu og öryggi kvænna innanlands og utan.

Frá stofnun Zontaklúbbsins Sunnu árið 2003 hefur klúbburinn styrkt ýmis verkefni bæði hér heima og erlendis. Innanlands hefur Zontaklúbburinn Sunna m.a. styrkt Kvænnaathvarfið, Skjólíð athvarf fyrir heimilislausar konur, Stígamót, Menntunarsjóð mæðrastyrksnefndar, Miðstöð foreldra og barna, Dyngjuna, Samtökin "Göngum saman", Kvænna-ráðgjöfina, Samtök Endométríósu á Íslandi, Anna valdefling erlendra kvænna og fleiri verkefni.

Á alþjóðavettvangi starfar Zonta með UN Women og sambærilegum samtökum og þá einkum í gegnum Sameinuðu þjóðirnar. Meðal annarra verkefna er að styrkja ungar konur í Ymen og Madagascar til mennta og sérútbúnaar töskur fyrir ljósmæður í Afghanistan. Í Rwanda hefur verið unnið við að koma í veg fyrir eyðnismit frá móður til barns. Einnig hafa samtök í Líberíu verið styrkt til að stofna læknaforvarnarsamtök þar sem gerðar eru aðgerðir á konum sem hafa farið illa í fæðingu og undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að berjast alþjóðlega gegn barnahjónaböndum.

Í Zontaklúbbum Sunnu, sem upphaflega var stofnaður í Hafnarfirði, eru tæplega 30 konur af öllu höfudborgarsvæðinu þar á meðal úr Kópavogi.

Helga Ágústsdóttir formaður Zontaklúbbsins Sunnu

www.zonta.org
<http://zonta-island.org/>
<https://www.facebook.com/zontasunna/>

Arnar Daði í GKG varð stigameistari með miklum yfirburðum í flokki 15-16 ára



Arnar Daði Svavarsson, GKG, er stigameistari 2024 á Unglingamótaröðinni í flokki 15-16 ára pílta. Alls eru 38 leikmenn á stigalistanum.

Arnar Daði fékk 6.385 stig en hann tók þátt á 7 mótum á tímabilinu. Hann náði frábærum árangri, sigraði á fjórum mótum, varð í öðru sæti á tveimur og einu sinni í þriðja sæti.

Óliver Elí Björnsson, GK, varð annar með 5070 stig. Hann tók þátt á 7 mótum á tímabilinu. Hann sigraði á tveimur mótum, og varð þriðji á einu móti. Hjalti Kristján Hjaltason, GM, varð þriðji með 3.751 stig. Hann tók þátt á 6 mótum á tímabilinu. Hann varð þriðji í öðru sæti, og einu sinni í 3. sæti. Arnar varð því stigameistari með miklum yfirburðum í flokki 15-16 ára pílta.

eignaumsjon.is

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2023 Eignaumsjón 2023 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri Væðingaráætlun

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

EIGNAumsjón
lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800

NÝ VERSLUN

BÚSTOÐ

— síðan 1975 —

MIDHRAUNI 24

GARÐABÆ

FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ

OPNUNARTÍMI

VIRKA DAGA 11-18

LAUGARD. 11-16

Hjartadagshlaupið fer fram 21. september



Hjartadagshlaupið fer fram laugardaginn 23. september kl. 10.00 en það er haldið í tilefni Alþjóðlega hjartadagsins.

Í boði eru tvær tímamældar vegalengdir, 5 km og 10 km. Ræst er kl. 10.00 í báðar vegalengdir inn á Kópavogsvelli en hlaupið er út Kársnes og til baka í mark inn á Kópavogsvöll. Drykkjarstöð verður á miðri hlaupaleið og eftir 5 km og við endamark. Hlaupaleiðin hefur fengið löglega mælingu.

Verðlaun

Verðlaun fyrir fyrsta karl og konu í báðum hlaupum og vegleg útdráttarverðlaun. Verðlaunaafhending fer fram strax að hlaupi loknu.

Skráning og þáttökugjald

Skráningu lýkur fimmtudaginn 21. sept-

ember og fer hún fram á netskráningu. Einungis 400 númer verða í boði.

10 km hlaup kostar 5.000 kr
5 km hlaup kostar 3.000 kr

Hlaupagögn verða afhent í versluninni Hlaupár í Fákafeni 11, milli 11 og 18 frá 11. - 22. september.

**Aðrar upplýsingar
ÞÁTTAKENDUR ERU HVATTIR
TIL AÐ KLÆÐAST RAUÐU.**

Hjartadagshlaupið er haldið í tilefni Alþjóðlegs hjartadags sem haldinn er í yfir 120 löndum á hverju ári. Markmið Hjartadagsins, er að auka vitund og þekkingu almennings á ógnum hjarta- og æðasjúkdóma og leggja áherslu á heilbrigða lífshætti svo að börn, unglingar og fullorðnir um allan heim öðlist betra og lengra líf.

Húsgagna- og gjafavöruverslunin Bústoð opnar í dag nýja og fallega verslun í Miðhrauni Garðabæ

Húsgagna- og gjafavöruverslunin Bústoð opnar í dag nýja og glæsilega verslun að Miðhrauni 24 í Garðabæ þar sem ný Bónusverslun er til húsa, en Bústoð hefur verið starfrækt frá 1975 og ávallt verið staðsett í Reykjanesbæ.

Það er því stór tímamót hjá eigendum verslunarinnar að opna dyr sínar í Garðabæ. Í Bústoð er hægt að fá fjölbreytt úrval af húsgögnum og smávöru fyrir heimilið, en markmið verslunarinnar hefur allt frá upphafi verið að bjóða upp á gæðavöru á góðu verði. Þá má geta þess að Bústoð er með fyrirtækjapjónustu og býður einnig upp á mikið úrval af skólahúsgögnum og sjá starfsmenn Bústoðar m.a. um hönnun og útfærslu á skólastofum og fyrirtækjarymum sé þess óskað.

Birgitta Ósk Helgadóttir, er verslunarstjóri í Garðabæ og meðeigandi. Garðapósturinn spurði hvernig þeim litist á að vera opna á höfuðborgarsvæðinu og hugmyndina á bak við þá ákvörðun?

„Við erum gríðarlega spennt fyrir opnuninni í dag. Verslunin verður opin milli 11 og 18 alla virka daga og milli 11 og 16 á laugardögum. Hugmyndin að því að opna verslun á höfuðborgarsvæðinu er kannski ekki ný af nálinni, enda hafa viðskiptavinir okkar verið að kalla eftir þessu í gegnum árin. Hins vegar fór allt á fullt síðastliðið vor, eftir að við fundum þessa góðu staðsetningu. Þetta er fullkomið rými fyrir húsgagnaverslun,“ segir hún.



Bústoð er rótróið fyrirtæki, en það fagnar 50 ára afmæli á næsta ári. Má segja að opnun Bústoða að Miðhrauni sé snemmbúin afmælisgjöf? „Já, það má alveg segja það. Við erum mjög stolt af því að ná þessum áfanga á næsta ári og munum alveg örugglega gera líka eitthvað skemmtilegt á afmælisárinu.“

Aukið vöruúrval í nýrri verslun
Og þetta er hjart, fallegt og stórt verslunarrými að Miðhrauni – hverju mega viðskiptavinir eiga von á og eru þið að bjóða upp á ný merki og einhverjar nýjungar miðað við vöruúrvalið í versluninni í Reykjanesbæ? „Já, við verðum með eitthvað af nýjum merkjum í gjafavörunni og frábært úrval sömuleiðis í húsgögnum frá okkar vinsælustu vörumerkjum. Við höfum verið að auka úrvalið jafnt og þétt undanfarin tvö ár og erum á þeim stað í dag að vera með öflugt mengi af vörum og náum þannig bæði til eldri og yngri kynslóða. Allir eiga að geta fundið eitthvað fallegt við sitt hæfi, hvort sem það er sófi, sófaborð, borðstofuborð, skenkar stólar, skápar eða annað fyrir heimilið.“

Vönduð húsgögn frá þekktum vörumerkjum

Og þið bjóðið upp á gott úrval af húsgögnum og gjafavöru og hafið lagt áherslu á gott verð? „Við bjóðum upp á vönduð húsgögn frá þekktum vörumerkjum sem hafa notið vinsælda hér á landi, eins og Calia Italia og skandinavískar vörur frá Skovby og Furnhouse. Við leggjum mikið upp úr góðri, persónulegri þjónustu og hóflegri álagningu alla daga ársins. Þetta hefur verið okkar sérstaða og skilað því að viðskiptavinir okkar fara ánægðir og koma aftur.“

En þrátt fyrir að vera opna verslunina í Miðhrauni þá haldið þið einnig úti öflugri netsíðu sem hefur notið vinsælda? „Já, alveg eins og við munum halda áfram að reka flotta verslun í Reykjanesbæ, þar sem áfram verður boðið upp á frábært vöruúrval í 1.200 fermetra sýningarsal. En það er rétt, heimasíðan okkar nýtur vinsælda eftir að við tókum hana í gegn í fyrra. Hún er bæði vinsæl gjafavöruverslun en nýttist einnig sem búðagluggi fyrir húsgögnin.“

Vonar að gjafavaran verði vinsæl hjá íbúum í Kópavogi
Og svo fagnið þið 50 ára afmæli á næsta ári, er einhver ákveðin vara hjá ykkur sem hefur notið hvað mestra vinsælda í gegnum árin? „Okkar vinsælustu húsgögn í gegnum árin hafa verið ítalskir leðursófar frá Calia Italia. Hins vegar hafa bæði Skovby og Furnhouse verið að sækja í sig veðrið undanfarin tvö ár og því má segja að þessi merki, ásamt húsgögnum frá Zijlstra séu þau sem viðskiptavinir okkar



Birgitta Ósk segir að allir eiga að geta fundið eitthvað fallegt við sitt hæfi í verslun Bústoða í Miðhrauni, hvort sem það er sófi, sófaborð, borðstofuborð, skenkar stólar, skápar eða annað fyrir heimilið



versla hvað mest. Gjafavaran hefur líka vaxið mikið undanfarin ár,“ segir Birgitta og bætir við: „Við bindum því miklar vonir um að hún verði vinsæl meðal íbúa nálægt versluninni, í Garðabæ, Kópavogi og Hafnarfirði. Þar erum við að bjóða þessar klassisku vörur frá litalta, Royal Copenhagen, Bitz. Svo erum við með vörur frá Modern House, sem og ilmkerfi frá Victor Vassier, Heklu Íslandi, Vorhús og sælkeravörur frá Lie Gourmet. Svo bætast við ný vörumerki smá saman. Allir ættu því að finna eitthvað fallegt við sitt hæfi.“

En hvaða hlutur er í uppáhaldi hjá ykkur í versluninni í dag? „Ég myndi segja allir nýju dásamlegu sófarnir frá Furnhouse. Bæði fallegir og gríðalega þægilegir.“

Og er spennan í mannskapnum að opna að Miðhrauni síðar í dag, mannskapurinn tilbúinn í slaginn? „Við opnum klukkan 11 í dag og verðum með opið til klukkan 18. Við erum heldur betur tilbúin í slaginn og mjög spennt fyrir deginum og komandi dögum.“

Opnunartilboð í gjafavörunni
Einhver opnunartilboð svona fyrstu dagana? „Við verðum með opnunartilboð í gjafavörunni fram yfir helgi, sem og í ákveðnum húsgögnum í samstarfi við okkar birgja. Vonandi sjáum við sem flesta í dag eða næstu daga. Við hlökkum mikið til að taka á móti gömlum og nýjum viðskiptavinum á Miðhrauni,“ segir hún að lokum.

MARC INBANE

Kemur bara í þínum lit

BRÚNKUVÖRURNAR FRÁ MARC INBANE ERU EINSTAKAR AÐ ÞVÍ LEYTI AÐ ÞÆR DRAGA FRAM ÞINN NÁTTÚRULEGA LIT.

Snyrtitaska fylgir með í kaupbæti þegar verslað er fyrir kr.10.000,- eða meira

WWW.MARCINBANE.IS



*Jólahlaðborð Fjörúkrárinnar
hefst 15 nóvember*

Bókanir og fyrirspurnir: birna@fjorukrain.is



*Víkingasveitin okkar spilar
fyrir matargesti*



*Einar Ágúst tekur við
eftir borðhald*

Ólík barátta framundan hjá Breiðabliki og HK í úrslitakeppni Bestu deildarinnar

Úrslitakeppni efrí og neðri hlutar í Bestu-deild karla hefst á sunnudaginn í neðri hlutanum er HK fer norður og mætir KA, en Breiðablik hefur svo leik í efrí hluta deildarinnar á mánudaginn er Skaginn kemur í heimsókn á Kópavogsvöll.

Kópavogspósturinn heyrði hljóðið í fyrirliðum liðanna, Leifi Andra Leifssyni hjá HK

og Blikanum Höskuldi Gunnlaugssyni og spurði þá nánar um úrslitakeppnina sem er framundan, en eins og bæjarbúar vita þá er það í höndum Breiðabliks að koma heim í Kópavoginn með Íslandsmeistararitilinn og það sama á við HK í neðri hlutanum, þeir eru í baráttu um að halda sér í deild þeirra bestu og ráða sínum örlögum sjálfir.



Við erum með þetta í okkar höndum

- segir Leifur Andri Leifsson fyrirliði HK



„Við þurfum að taka einn leik í einu og safna eins mörgum stigum og við getum. Við megum alls ekki missa þetta úr okkar höndum,” segir Leifur

Það er flottur taktur í þessu hjá okkur, erum fullir sjálfstrausts og það sést inn á vellinum

- segir Höskuldur Gunnlaugsson fyrirliði Breiðabliks

Hvernig líst fyrirliðanum, Höskuldi Gunnlaugssyni, fyrirliða Breiðabliks á komandi úrslitakeppni og stöðuna á Blikaliðinu í dag? „Já, það er bara nokkuð gott og ekki mikið af skakkaföllum í liðinu eins og staðan er í dag, sem er af því góða. Það er bara full tilhlökkun og mikil spenna í mannskapnum,” segir Höskuldur.

Má ekki segja að sjálfstraustið og stemningin í liðinu sé nokkuð góð, liðið ósigrað í síðustu 9 leikjum í deildinni, 7 sigrar og tvö jafntefli – heitasta liðið í dag ef svo má að orði komast? „Já, það er flottur taktur í þessu hjá okkur og við erum bara fullir sjálfstrausts og það sést inn á vellinum. Það er mikill og góður karakter í liðinu sem hefur einkennt okkur í þessum frammistöðum og við ætlum bara að halda uppteknum takti áfram.”

Færðum okkur upp um einn gir

En ertu sáttur með spilamennskuna ykkar í sumar og sérstaklega seinni part móts eftir að þið komust á þetta góða skrið - breyttist þá eitthvað í leik liðsins? „Nei, það er ekkert sem hægt er að taka út fyrir sviga og nefna. Við duttum bara inn á gott „run” og færðum okkur upp um einn gir. Það var aðeins talað um það svona framan af móti að við værum á pari, frammistöðurnar vissulega góðar og við að ná í úrslit, en við ættum samt einn eða jafnvel fleiri girja inni. Mér finnst við hafa sótt í þá og þá hafa menn einnig verið að komast í betra form og einhvern veginn hafa hlutirnir hægt og bitandi verið að smella betur saman hjá okkur. Leikur liðsins er því í nokkuð góðu flæði í dag,” segir hann og bætir við hvað spilamennskuna varðar sumar þá sé hann nokkuð sáttur. „Það er ekki hægt að segja annað en við séum nokkuð sáttir heilt yfir með sumarið. Þetta er að ég held næst mesta stigásöfnun sem Breiðablik hefur náð í sögunni í 22 leikjum þannig að það er frábært og einnig að Dóri (þjálfari) sé gera það á sínu fyrsta ári sem aðalþjálfari og slá þar með met Heimis Guðjónssonar í stigásöfnun fyrir þjálfara á sínu fyrsta ári er ótrúlega vel gert. Þannig að við getum ekki kvartað og það er mikilvægt að viðhalda þessu góða formi síðustu fimm leikina, og það er það sem við fókusum á.”



„Það er mikill og góður karakter í liðinu sem hefur einkennt okkur í þessum frammistöðum og við ætlum bara að halda uppteknum takti áfram,” segir Höskuldur Gunnlaugsson fyrirliði Breiðabliks

Erum ekki mikið að velja þessum síðasta leik á mótinu fyrir okkur

Eins og staðan er fyrir úrslitakeppnina að þá stefnir í gott einvígi við Víkinga um Íslandsmeistararitilinn, eruð þið klárir í þann slag og reiknar þú með af eigin reynslu að það gæti haft áhrif á Víkinga að vera að spila í Sambandsdeildinni á sama tíma? „Við erum svo sem ekki mikið að velja þessum síðasta leik í mótinu fyrir okkur á móti Víking. Á undan honum eru fjórir hörkuleikir við fjögur góð lið og fyrsti leikurinn verður á móti Skaganum á Kópavogsvelli næsta sunnudag. Það getur margt gerst fram að lokaleiknum í mótinu hjá báðum liðum þannig að það þýðir ekkert að vera að horfa á hann. Ég skil það þó vel að það er mikil eftirvænting í öllu fótboltasamfélaginu eftir mögulegum úrslitaleik þar sem allt er undir og mikil háspenna. Það yrði vissulega gaman að fá að taka þátt í slíkum leik sem leikmaður, en við þurfum bara að sjá til þess fyrst og fremst að vera í eins góðri stöðu og við getum þegar að þeim leik kemur. Svo það er bara gamla góða klisjan, að það er bara einn leikur í einu og næsti leikur er við Skagann,” og bætir við: „Hvað varðar þátttöku Víkinga í Sambandsdeildinni þá er þetta ákveðin og fjölbreytt upplifun, ert að etja kappi við ólík lið á ólíkum völlum og löndum, en þátttakan í þessari deild þarf alls ekki að vinna á móti manni þótt leikjálagið verði meira.”

Það verður ekki dauð stemmning í neinum leik því það eru öll lið að berjast um eitthvað

Það á margt eftir að gerast fyrir lokaleikinn eins og þú segir og fyrsti leikur ykkar í úrslitakeppninni er á móti ÍA á Kópavogsvelli. Leikirnir við þá í Bestu deildinni voru jafnir, 1-1 á Kópavogsvelli og þið sigruðu 2-1 upp á Skaga. Þetta verður alvöru leikur? „Já, vissulega og við stílltum þessum leik um síðustu helgi á móti HK í raun upp eins og úrslitakeppnin væri hafin, en Skaginn er með hörkulið og búið að gera vel í sumar. Leikirnir á móti þeim í sumar hafa verið mjög erfiðir og ég held í raun, sama hver mótherjinn er í þessari úrslitakeppni í ár, að þá verður aldrei dauð stemmning í neinum leik því það eru öll liðin að berjast um eitthvað, Íslandsmeistararitil eða sæti í Evrópukeppninni. Svo þetta verður bara frá úrslitakeppni, skemmtileg fyrir alla bæði leikmenn og alla knattspyrnuáhugamenn.”

En Blikar eru allir upp til hópa stemmdir fyrir úrslitakeppninni og það hlýtur að vera góð tilfinning að hafa þetta í sínum höndum? „Jú, þetta er ákveðin friðindastaða að vera í, að vera að keppa um Íslandsmeistararitilinn þegar þetta langt er liðið á mótið og getað ráðið sínum eigin örlögum,” segir fyrirliði Breiðabliks að lokum, en leikurinn við ÍA hefst kl. 19:15 á mánudaginn á Kópavogsvelli.

Hvernig líst Leif Andra Leifssyni fyrirliða HK á komandi úrslitakeppni og stöðuna á HK-liðinu í dag? „Mér líst hrikalega vel á komandi úrslitakeppni. Við erum með þetta í okkar höndum og þurfum að halda áfram að bæta okkur í ákveðnum þáttum. Við erum að fá menn inn og vonandi náum við halda sem flestum heilum annars erum við með þokkalega breiðan hóp og fullt af mönnum sem eru tilbúnir að stíga inn ef þess þarf enda þurfum að gera þetta sem ein heild,” segir Leifur Andri.

Getum unnið alla og tapað fyrir öllum

Hvernig er síðan stemmningin og sjálfstraustið í liðinu fyrir úrslitakeppnina? „Sjálfstraustið hjá okkur er gott. Við höfum sýnt það að við getum unnið alla og tapað fyrir öllum en við þurfum að fá meiri stöðugleika í heildar frammistöðum.”

Þurfum að vernda markið okkar betur

Ef þú lítur yfir sumarið ertu þá sáttur við spilamennskuna ykkar fram til þessa eða hefðu þið getað gert betur? „Við erum ekki sáttir, en erum réttu megin við línuna eins og staðan er í dag. Auðvitað vildum við vera með fleiri stig, en við höfum verið svolítið óheppnir með meðslí. Augljósir vankantar í þessu hjá okkur er varmarleikurinn, en við þurfum allir sem lið að vernda markið okkar betur.”

Botnbaráttan er gríðarlega spennandi, þið enduðu í 10. sæti, en það eru fjögur lið sem eru þarna í einum hnapp að berjast við að halda sér uppi – þetta verður

sjálfsgafræfingunni spenna alveg fram á lokaumferð – en að hverju þurfið þið fyrst og fremst að huga að – hvað þarf að vera í lagi hjá ykkur svo þið getið náð úrslitum? „Eins og ég sagði áðan þá er þetta algjörlega í okkar höndum, en við verðum að bæta okkur varmarlega, fækka mörkum á okkur og verjast betur sem ein heild og ef við náum því þá erum við í góðum málum.”

Förum í alla leiki til að vinna þá

En þið eru sjálfsgafræfingunni með hugann fyrst og fremst við fyrsta leikinn sem verður á sunnudaginn á móti KA á Akureyri. Þú lofar líklega alvöru leik, en þið tókuð stig með ykkur heim er þið mættuð þeim á Akureyri í Bestu-deildinni í upphafi sumars? „Það er ekki auðvelt að fara á Akureyri á þessum tíma árs, en við förum í alla leiki til að vinna þá og það verður enginn undantekning á sunnudaginn. Það þarf að nálgast alla þessa leiki í úrslitakeppninni sem staka úrslitaleiki, öll stig skipta gríðarlega miklu máli á þessum lokakafla og vonandi náum við upp heildsteyptum leik og förum heim með stigin þrjú.”

Og HK menn eru sjálfsgafræfingunni allir upp til hópa vel stemmdir fyrir úrslitakeppninni og það hlýtur að vera góð tilfinning að hafa þetta í sínum höndum? „Það er alltaf góð stemmning hjá okkur. Við þurfum að taka einn leik í einu og safna eins mörgum stigum og við getum. Við megum alls ekki missa þetta úr okkar höndum,” segir fyrirliði HK að lokum, en fyrstu tveir leikir HK eru útleikir á móti KA á sunnudaginn og svo við Vestra sunnudaginn 29. september.

Friðardúfur á friðardegi

Á alþjóðlegum degi friðar, laugar-daginn 21. september ætlar Bókasafn Kópavogs að bjóða bæjarbúum að líta við og gera saman litlar og fallegar friðardúfur úr silkippappír, stenslum, spotta og priki. Að smíðu lokinni verður hægt að taka dúfurnar með sér heim og leyfa þeim að flögra um loftin blá. Smíðjan hefst klukkan 13 og varir til klukkan 15. Á þeim tíma er hægt að koma hvenær sem er og dvelja eins lengi og hentar hverjum og einum.

Smíðjan hentar vel fyrir börn og fjölskyldur. Öll hjartanlega velkomin á meðan húsrúm leyfir og aðgangur er ókeypis.



Dúfan hefur í gegnum aldir og árpúsundir öðlast sess sem sterkt og mikilvægt friðartákn innan ólíkra trúarbragða og menningarheima og því vel við hæfi að hylla friðardúfuna á alþjóðlegum friðardegi.

Vefsíða Kópavogspóstisins www.kgp.is

[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn) [Twitter.com/Kopavogspostur](https://twitter.com/Kopavogspostur)

[Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)


FÓTBOLTAFERÐIR | TÓNLEIKAFERÐIR | ÆFINGA/KEPPNISFERÐIR | HÓPAR | ENDURMENNTUN | ÁRSHÁTÍÐARFERÐIR | VIÐSKIPTAFERÐIR

FJÖLBREYTTAR FERÐIR

SKOÐAÐU FERÐIRNAR Á VISITOR.IS



MAN. UTD vs EVERTON 29. NÓV.-2. DES.



LIVERPOOL vs FULHAM 13.-16. DESEMBER



SKÍÐAFERÐ | ÁRAMÓT Í SELVA 28. DES. - 4. JANÚAR



BETT FAGSÝNING KENNARA



HM Í HANDBOLTA JANÚAR 2025



ABBA VOYAGE Í LONDON APRÍL 2025



DUBLIN MEÐ
VILMA_HOME



ABBA VOYAGE
Í LONDON



ANDRE RIEU
AÐVENTUFERÐ



PAUL McCARTNEY
MANCHESTER

KNATTSPYRNUSKÓLI
VISITOR SUMAR 2025

Visitor
FERÐASKRIFSTOFA

Hamraborg 20a Sími 578 9888 hopar@visitor.is

NÁNAR Á VISITOR.IS

MEKÓ

VILTU EFLA MENNINGU OG MANNLÍF Í KÓPAVOGI?

STYRKIR ÚR LISTA- OG MENNINGARSJÓÐI

**Kópavogsbær
auglýsir eftir
umsóknum um
styrki úr lista- og
menningarsjóði
vegna verkefna á
árinu 2025.**

Hlutverk sjóðisins er að efla menningarlífið í Kópavogi í samræmi við menningarstefnu bæjarins. Styrkir eru veittir til einstaklinga, listhópa, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana á sviði lista, hönnunar eða arkitektúrs.

Við mat á umsóknum verður sérstaklega litið til verkefna og viðburða sem þjóna íbúum í sem flestum hverfum bæjarfélagsins og falla að menningarstefnu bæjarins.

Umsækjendur verða að sýna fram á gildi verkefnisins fyrir lista- og menningarlífið í Kópavogi, getu til að hrinda verkefninu í framkvæmd og leggja fram skýra fjárhagsáætlun.

Lista- og menningarráð metur umsóknir og sér um úthlutanir.

**UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL OG MEÐ
23. OKTÓBER 2024**

Rafræn umsóknareyðublöð og úthlutunarreglur má nálgast á heimasíðunni www.meko.is

Nánari upplýsingar veitir Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála í Kópavogi, í gegnum netfangið: soffia.karlsdottir@kopavogur.is